

Fimmtudaginn 9. október 1997.

Nr. 49/1997.

Pétur Hauksson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.,

Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

gegn

Vörumerkingu hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabætur. Vinnustaðir. Atvinnusjúkdómur. Örorka. Miski. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. janúar 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.890.400 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. desember 1994 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir réttinum með bréfi dómsmálaráðherra 30. apríl 1997.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í héraðsdómi eru lýsingar beggja aðila á málsatvikum, en þær eru ekki að öllu leyti samhljóða. Þó er ágreiningslaust, að áfrýjandi vann við prentverk hjá stefnda frá miðju ári 1973 og fram á öndvert ár 1992, er honum var sagt upp störfum. Starfsemi stefnda var á þremur stöðum á tímabilinu. Í upphafi var prentsmiðjan á neðri hæð íbúðarhúss og í innbyggðum bílskúr að Melgerði 29 í Kópavogi. Árið 1977 var starfsemin flutt í iðnaðarhúsnæði við Dalshraun 14 í Hafnarfirði, og bættist bakhús við árið 1980, Dalshraun 16, og vann áfrýjandi þar. Frá árinu 1989 var prentsmiðjan í iðnaðarhúsnæði að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði. Áfrýjandi vann til loka ársins 1975 við svonefnda fóluprentun eða þurrprentun án fljótandi efna.

Eftir það vann hann við prentvélar, þar sem notuð voru lit- og hreinsiefni, og munu þar einkum hafa verið prentaðir merkimiðar, límimiðar, límbönd og umbúðir og oft skipt um verk. Fram er komið, að hreinsa þurfti vélarnar um það bil einu sinni á dag, og tók hver hreinsun um klukkustund. Við þá hreinsun mun hafa verið notað leysiefnið „white spirit“ að minnsta kosti til ársins 1990, en ekki þykir í ljós leitt, að önnur efni hafi verið notuð jafnhliða. Áfrýjandi notaði hanska við hreinsun, en öndunargrímur voru aldrei hafðar. Klútar voru vættir í hreinsiefninu og valsar og aðrir vélarhlutar hreinsaðir. Mun að minnsta kosti stundum hafa þurft að hella hreinsiefni á valsana, en vökvinn safnaðist í opna bakka undir þeim. Að lokinni hreinsun voru bakkarnir tæmdir og blautir klútar settir í opnar fötur.

Áfrýjandi vann ekki samfelldt hjá stefnda á því árabili, sem hér um ræðir. Hann vann við sams konar prentverk í New York um nokkurt skeið, og hefur hann ekki sérstaklega andmælt frásögnum stefnda um þann tíma. Þannig verður að miða við, að frá janúar 1980 til apríl 1982, í um tvö ár og fjóra mánuði, hafi áfrýjandi verið við störf í New York. Aftur vann hann þar um sex til sjö mánaða skeið árið 1986, í sjö til átta mánuði 1987, í þrjá til fjóra mánuði árið 1988 og loks í einn til tvo mánuði árið 1989. Samtals var áfrýjandi því við prentstörf í New York í um fjögur ár, en í málinu er ekkert fram komið um aðstæður á vinnustað áfrýjanda þar á þessum tíma. Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi unnið hjá stefnda í um fjórtán og hálft ár, en þar af í tvö og hálft ár við þurrprentun, eins og áður segir. Stefndi heldur því fram, að árið 1990 hafi verið hætt að nota „white spirit“ við hreinsun á prentvélum, en um þá staðhæfingu nýtur ekki skýrra gagna í málinu. Verður því að fallast á það mat héraðsdóms, að sá tími hafi ekki verið undir tólf árum, er áfrýjandi vann hjá stefnda við prentun, þar sem lífræn leysiefni voru notuð.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir eftirlitsskýrslum Vinnueftirlits ríkisins um starfsemi stefnda frá 1982 til 1994. Þar kemur þó ekki fram, að í eftirlitsskýrslu 20. nóvember 1989 er mælt fyrir um það, að starfsmenn skuli „hafa aðgang að öllum þeim persónuhlífum, er starfið krefst, svo sem andlitshlífar, heyrnarhlífar og önd-

unargrímur af viðurkenndri gerð“. Þá segir einnig, að sorpílát innan dyra fyrir notaða afþurrkunarklúta skuli vera úr eldtraustu efni og með loki, og skuli þau tæmd reglulega. Í framburði framkvæmdastjóra stefnda fyrir héraðsdómi kom fram, að eyrnahlífar hefðu ævinlega verið tiltækar hjá fyrirtækinu, en ekki andlitshlífar og öndunargrímur. Fullyrti framkvæmdastjórinn, að síðastnefndar hlífar væru ekki til í nokkurri prentsmiðju landsins og enginn starfsmaður í prentiðnaði myndi nokkurn tíma nota slíkt.

Þá eru í héraðsdómi raktar álitssgerðir Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, dr. Þuríðar Jónsdóttur taugasálfræðings og dr. Vilhjálm Rafnssonar, sérfræðings í atvinnulækningum, örorkumat Júlíusar Valssonar læknis og niðurstaða dómkvaddra matsmanna, þeirra Jakobs Kristinssonar eiturefnafræðings og Sigurðar Thorlacius læknis, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum. Það er efnislega samhljóða niðurstaða þessara sérfræðinga, að heilamein áfrýjanda megi rekja til notkunar lífrænna leysiefna, en engar aðrar skýringar séu tiltækar.

III.

Það er niðurstaða héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að sá tími, sem áfrýjandi vann hjá stefnda, á meðan „white spirit“ var notað til vélahreinsunar, sé nægilega langur í sjálfu sér, til að áfrýjandi gæti hlotið sjúkdóm sinn, og þar sem ekki hafi verið sýnt fram á aðrar orsakir sjúkdómsins en mengunarálág við störf í prentiðnaði, verði að ætla, að sjúkdóminn megi rekja til þeirra starfa. Á þetta mat héraðsdómsins verður að fallast með skírskotun til röksemda hans og þeirra gagna, sem fyrir liggja.

Jafnframt er það álit héraðsdóms, að vitneskja um hættu af lífrænum leysiefnum, þar á meðal hættu á heilaskemmdum af þeirra völdum, hafi fyrst komið fram um miðjan áttunda áratuginn, en ekki orðið almenn fyrr en um 1980. Fyrir þann tíma hafi stefnda því ekki mátt vera ljós hættan af notkun slíkra efna í iðnaði sínum. Eins og málið liggur fyrir, þykir ekki varhugavert að fallast á þetta mat.

Verður málið þá leitt til lykta með hliðsjón af því, hvaða aðstæður stefndi skóp starfsmönnum sínum, eftir að þessi vitneskja lá almennt fyrir, en frá og með árinu 1980 vann áfrýjandi samtals hjá stefnda í um átta ár. Með tilliti til þeirrar hættu, sem gat verið á

ferðum í tengslum við notkun lífrænna leysiefna og stefndi mátti þá vita um, verður að gera ríkar kröfur til stefnda um það, að hann sýni fram á, að hann hafi gert það, sem í hans valdi stóð, til að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar í prentsmiðjunni, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Áður er fram komið, að stefndi sá starfsmönnum sínum ekki fyrir andlitshlífum og öndunargrímum, og mælti Vinnueftirlit ríkisins fyrir um úrbætur 20. nóvember 1989. Framburð framkvæmdastjóra stefnda fyrir héraðsdómi og málatilbúnað stefnda fyrir Hæstarétti verður að skilja svo, að hann hafi ekki orðið við ábendingu vinnueftirlitsins í þessu efni. Þá verður ekki séð, hvenær stefndi hefur sinnt beiðni vinnueftirlitsins þennan dag um lokuð ílát fyrir notaða klúta eftir hreinsun prentvéla, því að í eftirlitsskýrslu 8. mars 1991 kemur fram, að þau vanti enn. Ekki eru heldur upplýsingar um það í málinu, hvort og hvenær stefndi varð við athugasemd vinnueftirlitsins 25. mars 1983 um nauðsyn á aflmeiri afsogsblásara á þurrkara við prentvél nr. 5, sem áfrýjandi vann við frá árinu 1982. Þá þurfti vinnueftirlitið að gera ítrekaðar athugasemdir um úrbætur á loftskiptakerfi í vinnusal að Bæjarhrauni 20, fyrst 20. nóvember 1989, næst 8. mars 1991, þá 14. nóvember sama ár og loks 10. maí 1993. Það var fyrst í eftirlitsskýrslu 22. júlí 1994, að engar aðfinnslur voru settar fram.

Það er annar megingiltangur laga nr. 46/1980 að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sbr. a-lið 1. gr. Í 13. gr. er sú skylda lögð á atvinnurekanda að tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 50. gr. laganna má aðeins framleiða eða nota á vinnustað efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu og öryggi manna í voða, ef þeim starfsaðferðum er beitt, sem tryggja, að starfsmenn séu varðir gegn slysum, eitrun eða sjúkdómum. Þar sem telja verður, að eftir 1980 hafi vitneskja verið orðin almenn í þjóðfélaginu um hættueiginleika lífrænna leysiefna á borð við þau, sem notuð voru í prentsmiðju stefnda, verður ekki séð, að hann hafi fullnægt ýrustu skyldum sínum í þessum efnum. Það leysir stefnda ekki undan ábyrgð, þótt aðstæður hafi ef til vill ekki verið betri að þessu leyti á sambærilegum vinnustöðum eða Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki grip-ið harkalegar í taumana en raun virðist hafa verið. Með hliðsjón af

þeirri niðurstöðu, sem áður er fengin um orsakir heilaskemmda áfrýjanda, verður stefndi því látinn bera fébótaábyrgð á heilsutjóni hans.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að fallast á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að áfengisneysla áfrýjanda hafi verið í þeim mæli, að hún verði talin eiga þátt í sjúkdómseinkennum hans. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að líta til þess, að áfrýjanda mátti á sama hátt og stefnda vera ljóst, þegar leið á starfstíma hans, að hann sýslaði með hættuleg efni og full ástæða var til viðbragða hans af þeim sökum. Í héraðsstefnu segir meðal annars: „Án þess að sér hafi verið ljós hættan af umræddum efnum, var stefnandi oft drungalegur og sljór við þessa vinnu og segist á köflum hafa átt erfitt með að einbeita sér, þegar hann varð fyrir mestri mengun, og þetta hafi komið fyrir á hverjum degi nánast. Á seinni árum hafi hann þolað þetta enn verr en áður og fengið af þessu höfuðverk, sem ekki leið strax hjá.“ Þá segir í stefnunni, að áfrýjandi hafi sífellt verið að kvarta undan lélegri loftræstingu. Þessi staðhæfing er engum gögnum studd og fær ekki stoð í framburði þeirra fjögurra samstarfsmanna hans, er komu fyrir héraðsdóm. Í greinargerð dr. Vilhjálmss Rafnssonar 4. ágúst 1993 kemur fram, að áfrýjandi hafi talið aðstaður á vinnustað sínum í New York mun betri en hjá stefnda. Fyrir þessu hefur engin grein verið gerð í málinu, en þetta ætti þá að hafa verið áfrýjanda hvatning til að krefjast úrbóta hjá stefnda. Þegar þetta allt er virt, verður ekki hjá því komist að láta áfrýjanda sjálfan bera 2/5 hluta tjónsins.

IV.

Í örorkumati Júlíusar Valssonar lækni 24. ágúst 1994 var áfrýjandi metinn 75% öryrki vegna heilaskaða. Þessu mati hefur ekki verið hnekk. Á grundvelli þess gerði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur líkindareikning 28. september 1994 um örorkutjón áfrýjanda. Þar eru hafðar til viðmiðunar tekjur hans árin 1989, 1990 og 1991. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda var talið nema 18.815.600 krónum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 1.128.900 krónum. Við útreikning höfuðstólsverðmætis fram að útreikningsdegi voru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en eftir það 6% vextir og vaxtavextir.

Þá reiknaði tryggingafræðingurinn 1. nóvember 1994 slysdagsverðmæti örorkulífeyris til áfrýjanda frá Tryggingastofnun ríkisins frá og með febrúar 1992, og nam það 1.925.200 krónum. Áfrýjandi reisir kröfugerð sína á þessum útreikningum, þar sem slysdagsverðmæti örorkulífeyrisins komi til frádráttar, en í málinu hefur ekki verið gerð grein fyrir öðrum frádráttarliðum. Þá krefst áfrýjandi að auki 2.000.000 króna í miskabætur.

Við mat á örorkutjóni áfrýjanda, sem var 46 ára við starfslok hjá stefnda, verða ofangreindir útreikningar hafðir til hliðsjónar. Að teknu tilliti til örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir örorkutjón áfrýjanda hæfilega metið 12.000.000 króna.

Pegar litið er til hinna alvarlegu afleiðinga atvinnusjúkdóms áfrýjanda, verða miskabætur ákveðnar 1.200.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón áfrýjanda 13.200.000 krónum, og verður stefndi dæmdur til að greiða honum 3/5 hluta þess, 7.920.000 krónur, með vöxtum frá þingfestingardegi í héraði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Stefndi skal greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vöruverking hf., greiði áfrýjanda, Péttri Haukssyni, 7.920.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. desember 1994 til uppsögudags þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Stefndi greiði 350.000 krónur til ríkissjóðs í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun málflytjanda hans fyrir réttinum, 350.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. nóvember 1996.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember 1996, var höfðað með stefnu, birtri 22. nóvember 1994.

Stefnandi er Pétur Hauksson, kt. 281245-2289, nú til heimilis að Móa-barði 18 B, Hafnarfirði.

Stefndi er Vörumerking hf., kt. 560771-0109, Bæjarhrauni 20, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 18.890.400 kr. auk [dráttar-vaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir dómsins báru eigi árangur.

II.

Aðila greinir á um málsatvik í veigamiklum atriðum.

Af hálfu stefnanda er atvikum svo lýst, að hann hafi ráðist til starfa hjá stefnda árið 1973. Starfsemi stefnda hafi þá farið fram í bílskúr og kjallara eigenda fyrirtækisins í Kópavogi. Árið 1977 til 1978 hafi fyrirtækið flutt starfsemi sína að Dalshrauni í Hafnarfirði og árið 1988 hafi starfsemin flust að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði. Árin 1980 og 1981 hafi stefnandi búið erlendis og unnið við prentverk þar. Árin 1984 til 1989 hafi stefnandi einnig unnið öðru hverju í fríum erlendis, en að öðru leyti hafi hann starfað hjá stefnda frá árinu 1973 til ársbyrjunar 1992, þegar honum var sagt upp, eða í tæp 20 ár. Stefnandi hafi unnið við prentvélar allan tímann hjá stefnda. Við þá vinnu hafi hann notað ýmis litar- og hreinsiefni. Vélin hafi oftast verið pressuvél, en frá árinu 1986 hafi hann einnig unnið við rotations-vél. Honum hafi verið gert að nota hreinsiefni af ýmsum gerðum, þ. á m. „white-spirit“ og terpentínu, en einnig önnur sterk efni, sem hann vissi ekki, hver voru.

Í prentsmiðjunni hafi verið prentaðir merkimiðar, límmiðar, límbönd og umbúðir og oft skipt um verk. Þurfti þá að hreinsa vélina á milli. Við hreinsun hafi stefnandi notað hanska, en öndunargrímur hafi ekki verið á vinnustaðnum. Þessu næst hafi klútur verið vættur í hreinsiefni og valsar og aðrir vélarhlutar stroknir og þvegnir. Stundum hafi þurft að hella þessu efni eða öðrum efnum á valsana með vélina í gangi. Bakki hafi verið undir völs-unum á vélinni, og í hann söfnuðust hreinsiefnin. Bakkin hafi ekki verið lokaður, og gat því gufað upp úr honum, þegar hann fylltist og þegar hann var tæmdur. Það hafi verið gert með því að slá úr honum út fyrir dyr. Stefn-

andi hafi unnið við þessa vinnu hjá stefnda í tuttugu ár með stuttum hléum, fyrri hluta þess tíma í litlum húsakynnum, kjallara eða bílskúr, þar sem loftræsting var mjög af skornum skammti og ófullnægjandi. Við þessa vinnu hafi stefnandi notað lífræn leysiefni að fyrirmælum stefnda, svo sem „white-spirit“, iðnaðarbensín og aðrar blöndur, sem innihéldu acyton, ísóprópanól, ethylacitat og fleiri efni, svo sem eter og annað.

Mengun hafi verið gifurleg á öllum vinnustöðum stefnda, alveg frá því að hann hóf þar störf. Án þess að honum hafi verið ljós hættan af umræddum efnum, hafi stefnandi oft verið drungalegur og sljór við þessa vinnu og á köflum átt erfitt með að einbeita sér, þegar hann varð fyrir mestri mengun, og þetta hafi komið fyrir á nánast hverjum degi. Á seinni árum hafi hann þolað þetta enn verr en áður og fengið af þessu höfuðverk, sem ekki leið hjá strax. Eftir að stefnandi kom að utan og hóf störf í ársbyrjun 1982, hafi vinnustaður hans verið í bakhúsi að Dalshrauni. Þar hafi hann unnið við aðalvélina. Loftræsting við þessa vél í bakhúsinu hafi verið mjög slæm. Stefnandi telur sig sifellt hafa verið að kvarta undan lélegri loftræstingu, og sé honum kunnugt um það nú, að Vinnueftirlit ríkisins hafi margsinnis gert athugasemdir við loftræstingu og annan búnað stefnda. Þá megi af gögnum frá vinnueftirlitinu sjá, að þrátt fyrir afskipti þess hafi aldrei verið bætt úr loftræstingu og aðfinnslum í engu sinni. Engin breyting hafi orðið á þessu, þegar starfsemin var flutt að Bæjarhrauni. Loftræstikerfið í vinnusal hafi verið ófrágengið, a. m. k., þar til stefnandi lét af störfum hjá stefnda. Nú sé ljóst, að vinnueftirlitið hafi margsinnis gert athugasemdir við loftræstingu þar og annan búnað. Þá hafi vinnueftirlitið gert athugasemd við þau efni, sem notuð voru við hreinsun véla, bæði 8. 3. 1991 og 20. 11. 1989, þar sem krafist hafi verið nánast tafarlausra aðgerða varðandi loftræstingu, öndunargrímur, stöflun og geymslu varasamra og eldnæmra efna í loftræstu sérrými og meðferð á hreinsiefnum við hverja prentvél. Engu af þessu hafi verið sinnt.

Þrátt fyrir stórhættulegar aðstæður, hættuleg efni og öldungis ófullnægjandi loftræstingu og kvartanir stefnanda við stefnda hafi honum verið gert að vinna við þessar aðstæður með þeim afleiðingum, að hann sé nú alger öryrki, með heilamein vegna eitrunar.

Af hálfu stefnda er atvikum lýst svo, að stefnandi hafi ráðist til starfa í prentsmiðju stefnda að Melgerði 29 í Kópavogi í júní 1973. Prentsmiðjan hafi þá verið til húsa á neðri hæð hússins og í innbyggðum bílskúr. Stefnandi hafi í fyrstu og til ársloka 1975 unnið við fóliuprentun, sem sé þurrprentun án fljótandi efna. Fóliuprentunin hafi verið í sérstökum sal, aðskildum frá annarri prentun. Ekkert hafi verið athugavert við loftræstingu þar.

Árið 1977 hafi prentsmiðjan verið flutt í fullkomið prentsmiðjuhúsnæði að Dalshrauni 14 í Hafnarfirði, og 1980 hafi Dalshraun 16 bæst við. Þarna hafi prentsmiðjan verið til húsa til 1989, í rúm tólf ár. Sérstakt loftfrásög hafi verið frá hverri prentvél og góð almenn loftræsting í vinnusölum. Engar athugasemdir við loftræstingu hafi heldur verið gerðar af Vinnueftirliti ríkisins á þessum tíma utan minni háttar ábendingar 25. 3. 1983 um lagfæringu á opnanlegum gluggum og afsogsútbúnaði á þurrkurum prentvéla nr. 4 og 5, sem hafi verið lagfært. Stefnandi hafi mestmegnis unnið við vél nr. 5 (pressuvél), svokallaða „aðalvél“, frá apríl 1982. Frá janúar 1980 til þess tíma hafi stefnandi verið erlendis.

Í prentsmiðjunni hafi verið prentaðir merkimiðar, vörumerki og umbúðamiðar í ýmsum litum. Við verkskipti hafi þurft að hreinsa vélina, og hafi það verið gert með white-spirit til ársins 1990, en eftir það með vistvænu dönsku efni, Solv-gul frá Sadolin. Hins vegar hafi hvorki verið notuð terpentína, iðnaðarbón né sterk hreinsiefni, er jafnvel leystu upp gúmmíhlífðarhanska, eins og stefnandi heldur fram. Oft hafi liðið margir dagar milli verkskipta og tilheyrandi hreinsunar, en stundum hafi verið skipt um verk einu sinni til tvisvar á dag. Hver hreinsun á prentvélinni hafi tekið um klukkustund. Við hreinsun prentvéla hafi verið notaðir hanskar, en öndunargrímur hafi ekki verið notaðar frekar en í öðrum prentsmiðjum, enda þess þá ekki krafist né þess talin þörf.

Frá janúar 1980 til apríl 1982, í tæp tvö og hálf ár, hafi stefnandi ekki unnið hjá stefnda, heldur við sams konar prentverk í New York í Bandaríkjunum. Þar hafi stefnandi einnig unnið frá mars til september 1986, maí til desember 1987, maí til ágúst 1988 og maí til júní 1989. Samanlagður tími, sem stefnandi vann ekki hjá stefnda, heldur erlendis á þessu árabili, nemi því rúmlega fjórum árum.

Árið 1989 hafi prentsmiðja stefnda verið flutt í nýtt húsnæði að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði. Eins og áður hafi sérstakt loftfrásög verið frá hverri prentvél, en fyrir almennri loftræstingu hafi m. a. verið séð með sérstökum loftinntaksblásurum á útvegg í prentsal. Stefnandi hafi eins og fyrr unnið við „aðalvél“, en í ágúst til september 1989 hafi stefnandi verið í New York og einnig í janúar til febrúar 1990 um eins mánaðar skeið. Hinn 20. nóvember 1989 hafi vinnueftirlitið gert athugasemd um, að almenn loftræsting í húsinu væri ófullnægjandi með tilliti til loftskipta, og óskað eftir tímasettum tillögum stefnanda um úrbætur. Í upphafi hafi verið gert ráð fyrir sérstöku loftdreifikerfi í prentsalnum, en vegna tafa á frágangi hafi vinnueftirlitið fallist á opnanlega þakglugga í staðinn. Hinn 8. mars 1991 hafi vinnueftirlitið mælt fyrir um notkun hættuminni efna til hreinsunar á vél, en hættulaus

hreinsiefni höfðu þá þegar, frá febr./mars 1990, verið tekin í notkun hjá stefnda. Séu þá upp taldar athugasemdir vinnueftirlitsins við loftræstingu í prentsölum stefnda og notkun hreinsiefna. Fari því þannig víðsfjarri, að gífurleg mengun hafi verið þar, eins og stefnandi haldi fram í atvikalýsingu. Þá sé sú fullyrðing stefnanda berlega röng, að vinnueftirlitið hafi margsinnis gert athugasemdir um loftræstingu og þeim í engu verið sinnt. Þá sé sú fullyrðing stefnanda ósönn, að hann hafi sífellt kvartað undan lélegri loftræstingu og verið endanlega rekinn úr vinnu af þeim sökum. Hið rétta sé, að honum hafi verið sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti 28. janúar 1992 vegna síendurtekinna fjarvista frá vinnu um langa hríð. Hann hafi síðast verið fjarverandi fyrir uppsögn frá 13. desember 1991 til 27. janúar 1992. Stefnandi hafi átt við áfengisvanda og magabólgur að stríða auk andlegra erfiðleika og oft verið fjarverandi frá störfum vegna veikinda. Stefnandi hafi ekki komið til vinnu í uppsagnarfrestinum.

III.

Í málinu hafa verið lagðar fram alls tíu skýrslur frá Vinnueftirliti ríkisins, er varða starfsemi stefnda árin 1982 til 1994. Engar slíkar skýrslur hafa verið lagðar fram um starfsemina, meðan hún var í Kópavogi. Fimm fyrstu skýrslurnar varða starfsemina, meðan hún var að Dalshrauni 14 og 16 í Hafnarfirði, en hinar fimm, eftir að hún var flutt að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði.

Tvær fyrstu skýrslurnar eru frá 22. febrúar 1982 og lúta að slysum í starfsstöðinni. Ekkert er vikið að loftræstingu eða notkun hreinsiefna í þeim.

Í þriðju skýrslu, sem er frá 17. maí 1982, eru gerðar athugasemdir við loftræstingu á salerni og hvatt til notkunar heyrnarhlífa.

Í fjórðu skýrslu, sem er frá 25. mars 1983, er fyrst vikið að hávaðamælingu, sem fram hefði farið í starfsstöðinni, en síðan er vikið að loftræstingu. Þar segir, að lagfæra þurfi blásara í þurrkara við vél 4, koma fyrir trekt ofan við þurrkarann og tengja við afsogsbúnað til að soga út mengað loft. Þá segir, að á þurrkara við prentvél 5 sé afsogsbúnaður, sem tengdur sé viftu í lofti, sem sé mjög afllítill, og sé því nauðsynlegt að tengja búnaðinn við aflmeiri afsogsblásara. Þá segir, að lagfæra þurfi opnanlega glugga eða koma fyrir loftræstiblásurum. Þá er tekið fram, að úrbótum skuli lokið fyrir 25. apríl 1983.

Í fimmtu skýrslu, sem dagsett er sama dag, er vikið að öðrum öryggisbúnaði í starfsstöðinni.

Í sjöttu skýrslu, sem er frá 20. nóvember 1989 og varðar skoðun að Bæjarhrauni 20, segir í fylgiskjali í tl. 3:

„Almenn loftræsting í prentsál er ófullnægjandi, og skal úr því bætt. Eðli-

leg loftskipti eiga að vera um allt vinnurýmið. Loftræsting og aðstreymi fersklofts til vinnslusalarins þarf að anna þeim loftskiptum, sem krafist er, m. a. vegna keyrslu prentvéla og annarra tækja. Ef mengun kemur frá afmörkuðum stöðum, t. d. á vélum, skal fjarlægja hana frá upptökustað, áður en hún fer út í andrúmsloftið. Einnig þarf að setja upp vélræna loftræstingu frá salernum og búningsherbergjum. Tímasettar tillögur um úrbætur vegna loftræstingar óskast sendar vinnueftirliti fyrir 1. janúar 1990.“

Í sjöundu skýrslu, sem er frá 8. mars 1991, er m. a. vísað í síðastgreinda skýrslu og tekið fram, að loftskiptakerfi í vinnslusal sé ófrágengið og að þeim úrbótum skuli vera lokið fyrir 1. júlí 1991. Þá er í skýrslunni tekið fram, að ruslafötur með loki fyrir notaða afburrkunarklúta vanti við prentvélar og að nota þurfi hættuminni efni til hreinsunar á vél nr. I.

Í áttundu skýrslu, sem er frá 14. nóvember 1991, er vísað í síðastnefnda skýrslu og tekið fram, að loftræstikerfi í vinnslusal sé ófrágengið og að þeim endurbótum skuli lokið fyrir 15. desember 1992. Þá segir í sömu skýrslu, að vegna fyrirsjáanlegra tafa á frágangi loftræstikerfis sé gerð krafa um, að þakgluggar verði opnanlegir til aukningar á loftskiptum; verði farið að vinna að þessu strax, og skuli úrbótum lokið fyrir 1. apríl 1992.

Í níundu skýrslu, sem er frá 10. maí 1993, er mælt fyrir um það, að loftræstikerfi verði frágengið fyrir 1. október 1993 og að síur kerfisins verði yfirfarnar um leið. Þá er tekið fram í skýrslunni, að notuð séu vistvæn efni til hreinsunar á vösum.

Í tíundu og síðustu skýrslu, sem er frá 22. júlí 1994, eru engar athugasemdir gerðar, en tekið fram, að starfsmenn séu mjög meðvitaðir um umhverfi sitt, t. d. notkun vistvænna efna.

IV.

Stefnanda var vísað til Sverris Bergmann, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum, árið 1991. Í greinargerð læknisins, dagsettri 21. október 1992, segir m. a. í niðurstöðu:

„Mín niðurstaða er sú, að PH búi við skerðingu á andlegri getu. Hann hefur umtalsverða röskun á minni, hann á í verulegum tjáningarerfiðleikum og hefur persónu- og skapgerðarbreytingar, og talsvert skortir á eðlilega skynjun. Þetta er raunar ástand, sem við köllum dementiu, þótt það sé tiltölulega á vægu stigi, og vert er að geta þess, að það progredierar ekki með þeim hætti, sem þekktur er við einstaka degenerativa sjúkdóma, sem valda dementiu, eins og t. d. Alzheimer-sjúkdóm. Þá sýndi tölvusneiðmynd af heila ekki merki um heilarýrnun né heldur merki eftir blæðingar eða æðastíflun sem orsök fyrir þessu ástandi. Ekkert hefur komið fram við rannsókn á blóði, er skýri, í hverju þetta liggur, en raunar er ógerningur að

framkvæma tæmandi rannsóknir um hugsanlega líkamlegar orsakir, en klínísk bendir ekki til neinna sérstakra umfram þær, sem hægt er að útiloka með rannsóknnum.

Sá möguleiki stendur eftir, að þetta kunni að stafa af umgengni hans við kemísk efni, og verð ég að láta aðra mér reyndari í þeim efnum kveða upp sinn úrskurð þar, og vísa ég til þeirra einstaklinga, sem ég hef áður nefnt í greinargerð þessari og um mál PH hafa fjallað. Sjálfur þekki ég mætavel til áhrifa kemískra efna eins og þeirra, sem PH hefur umgengist, á taugakerfið að fullnægðum ýmsum ytri skilyrðum. Einkenni þessi eru hins vegar að minni reynslu ekki alveg sjúkdóms-specífísk, en hafa verður í huga, þegar leitað er að niðurstöðum, hverjar aðrar hafa verið útilokaðar og hvaða skýringar standa þá líklegastar eftir, þótt einkennin geti verið vegna margra orsaka. . . .“

Í bréfi sama læknis til lögmanns stefnanda um svipað leyti og hann lét frá sér áðurgreinda greinargerð segir:

„Ég tel, að Pétur Hauksson sé öryrki vegna dementiu (vitglapa). Hann hefur umtalsvert minnistap, verulega tjáningarerfiðleika í viðtækustu merkingu, auk persónuleikabreytingar, sem og truflun á skynjunarþáttum. Ég hef með rannsóknnum útilokað primera orsök fyrir þessu intracerebralt (frumorsök í heilanum sjálfum), og ég og aðrir hafa einnig útilokað, eins og mögulegt er, biochemiskar orsakir þessa ástands sem og þrálátar sýkingar, er gætu valdið því. Umgengni við efni eins og þau, sem ætla má, að Pétur Hauksson hafi umgengist, getur valdið því ástandi á andlega hæfni, sem að ofan getur. Einstaklingar eru þó ávallt misnæmir fyrir slíkum áhrifum, og ytri skilyrði skipta einnig máli. Mér er kunnugt um niðurstöðu Vilhjálms Rafnssonar læknis, sérfræðings í atvinnusjúkdómum, sem og um niðurstöður Eiríks Arnar Arnarsonar taugasálfræðings og samstarfsmanna hans af athugunum þeirra af Pétri Haukssyni. Þeir komast alfarið að sömu niðurstöðu og ég, en kveða fastar á um ákveðið orsakasamhengi, en eins og fram kemur í vottorði mínu, treysti ég mér ekki til þess að fullyrða, að það sé specifískt fyrir þessi kemíska efni, sem Pétur Hauksson hefur umgengist. Þau eru aðeins eitt margra, sem geta valdið þessu ástandi eins og hans, en hafa verður í huga, að hans dementiu-ástand progredierar ekki eins og við þekktu degenerativa sjúkdóma ýmsa, og aðrar orsakir kunnar, sem gætu valdið því, hafa verið útilokaðar.“

V.

Dr. Púríður J. Jónsdóttir taugasálfræðingur lagði taugasálfræðileg próf fyrir stefnanda árið 1994 og átti auk þess langt forviðtal við hann fyrir prófin. Í bréfi hennar til Sverris Bergmann læknis segir í stuttri samantekt:

„Hér er um að ræða 48 ára gamlan karlmann, sem er með ótvíræð einkenni um heilaskaða. Lýsing hans á ástandi sínu og getuleysi var í fullu samræmi við frammistöðu hans á hinum fjölpættu taugasálfræðilegu prófum. Bradyphrenia, margþættir einbeitingarörðugleikar, málstol bæði í tjáningu og málskilningi (nonfluent afasia og erfiðleikar við að meðtaka eða skilja orðasambönd og setningar) mældust á háu stigi. Skammtímaminni og seinkað minni á bæði yrt og óyrt efni mældist afar skert. Hæfileiki Péturs til að geta fest sér nýtt efni í minni er svo gott sem horfinn. Þannig er minnislína hans við auknar yfirferðir efnis nánast flöt í stað þess að vera skásett upp á við. Pétur man þannig nánast jafnmörg orð af orðalista í fimmta skipti og hann man í fyrsta skipti.

Eins og áður sagði, er almenn vitræn geta Péturs (eins og hún mældist á hefðbundnum WAIS-prófpáttum) mjög góð og rökræn hugsun hans og dómgreind skýr. Af þessum sökum er trúlega erfiðara fyrir hann að aðlagast hinni alvarlegu margþættu vitrænu hrörnun, sem orðið hefur á honum á síðustu árum. Þó svo að breytingar á geðslagi og persónuleika Péturs, sem hann og aðrir hafa lýst, geti vissulega verið atferlisandvar við hinni miklu hrörnun, tel ég mun líklegra, að þær séu af vefrænum toga spunnar (orbito-frontal heilaskaði). Önnur taugasálfræðileg einkenni Péturs benda til þess, að svo sé.

Frontal og subcortical taugasálfræðileg einkenni Péturs koma vel heim og saman við niðurstöður rannsókna á áhrifum neurotoxískra efna, þar með talinna leysiefna. Rannsóknir benda einnig til þess, að afleiðingar hjartaáfalla geti haft alvarleg áhrif á vitræna getu. Hjartastopp er t. d. talið valda frumudauða í CA-1-svæðum í hippocampus, en hippocampus er sá staður heilans, sem mikilvægastur er talinn varðandi hleðslu efnis (flutning nýs efnis yfir í langtímaminnið).“

VI.

Dr. med. Vilhjálmur Rafnsson, sérfræðingur í atvinnulækningum, rannsakaði stefnanda vegna veikinda hans, og 4. ágúst 1993 lét hann frá sér fara allýtarlega greinargerð um leysiefnaskaða á miðtaugakerfi í tengslum við sjúkdóm stefnanda.

Í inngangi getur hann þess, að bráð eitúráhrif lífrænna eitufefna séu vel þekkt og auðvelt að greina, en aftur á móti séu einungis um tíu ár, frá því að byrjað var að tala um og skilgreina langvinn eitúráhrif á miðtaugakerfið af völdum lífrænna leysiefna. Fyrir átta árum hafi verið haldin ráðstefna á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar til þess að marka stefnu um, hvernig greina skyldi slík langvinn eitúráhrif og flokka þau.

Nokkrar helstu niðurstöður vinnuhóps Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem voru birtar 1985, hafi verið þessar:

Niðurstöður læknisfræðilegra og faraldsfræðilegra rannsókna og athuganir á tilraunadýrum sýna, að ef menn verða fyrir mengun lífrænna leysiefna, getur það leitt til skemmda á miðtaugakerfi og einnig á úttaugum.

Ekki er hægt að ákvarða, hve algeng slík langvinn eitrun er hjá starfsmönnum, sem verið hafa í mengun lífrænna leysiefna.

Sjúkdómseinkenni, taugaskaðar og sálrænar breytingar, sem koma, eftir að menn hafa orðið fyrir mengun lífrænna leysiefna, eru ekki ákveðin og sérstakar fyrir eitrun af völdum efnanna. Þess vegna verður læknisfræðileg greining einstakra tilfella að byggjast á heildarmati á atvinnusögu, læknisfræðilegri skoðun, niðurstöðum taugaprófa og sálfræðiprófa og mati á hugsanlegum þætti annarra atriða, er gæti haft þýðingu fyrir orsakir sjúkdóma.

Aðalsjúkdómum í miðtaugakerfinu vegna mengunar lífrænna leysiefna má skipta í tvennt. Annars vegar lýsir sjúkdómsmyndin sér aðallega með almennum geðrænum einkennum, hins vegar er um að ræða langvinna eitrun og heilaskemmd. Þessi fyrirbrigði eru ekki endilega sjúkdómsstig, sem einstaklingurinn gengur í gegnum í átt að alvarlegri sjúkdómum. Mörkin milli sjúkdómsmyndanna eru oft óljós.

Læknirinn fjallar síðan um skilgreiningu og flokkun leysiefna, efnaskipti, þ. e. upptöku, dreifingu, líffræðilega umbreytingu, taugaskaða, klínisk einkenni, taugasálfræðilegt mat og vefrænar heilaskemmdir og mengun lífrænna leysiefna í vinnu. Þá fjallar hann um sjúkdóm stefnanda, athuganir annarra lækna og sérfræðinga á stefnanda og eigin athuganir og um vinnu stefnanda og mengun henni samfara. Í lokin fjallar hann um orsakir sjúkdóms stefnanda og segir þar:

„Um orsakir sjúkdóma gildir almennt, að hver sjúkdómur hefur margar orsakir. Enn sem komið er, er margt á huldu um orsakir sjúkdóma. Undirritaður þekkir engan sjúkdóm, sem hefur eina orsök. Þegar vega skal og meta, hver er veigamesta orsök sjúkdóms, verður því að fara nákvæmlega yfir upphaf hans og gang og hvort sjúklingur hefur orðið fyrir mengun efna, hvort hann hefur verið útsettur fyrir verkan eðlisfræðilegra þátta, í hættu að smitast og hvaða og hvers konar andlegt álag hefur hvílt á sjúklingnum. Oft verður að draga ályktanir af líkum, ef ekki er hægt að framkalla sjúkdómseinkenni með sérstökum espunarprófum. Þegar undirritaður reynir að leggja mat á hugsanlegar orsakir andlegrar skerðingar, vitglapa, hjá sjúklingi, verður að athuga sérstaklega, hvort hann hafi getað orðið fyrir áhrifum af þekktum orsakavöldum slíks. Þá er nauðsynlegt að kanna, hvað

stendur skrifað í læknisfræðinni, bæði í fræðibókum og þá sérstaklega tímaritum, sem birta einungis vísindalega gagnrýndar greinar um efnið. Ef ákveðinn atburður er sífellt undanfari annars, og dæmi þess eru fjölmörg, kemur að því, að menn fara að telja, að fyrri atburðurinn valdi hinum síðari. Ef atburðarásin að auki samræmist því, sem þekkist úr líffræðinni, rennir það enn frekari stoðum undir orsakasamband.

Pegar farið er yfir, hverjum Pétur Hauksson hefur í frístundum sínum og í vinnu orðið fyrir af hugsanlegum þáttum, sem gætu valdið skerðingu á heilastarfsemi af þeirri gerð, sem hann hefur, verður sérstaklega litið til þeirrar mengunar, sem hann hefur orðið fyrir í vinnu sinni sem prentari, en meiri hluti starfstímans var hjá Vörumerkingu hf.

Fjölmargar faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt fram á samband þess að verða fyrir mengun lífrænna leysiefna um langan tíma og að fá síðar skerðingu á heilastarfsemi, sem líkist vægum vitglöpum, sem yfirleitt þróast ekki áfram, eins og ef um Alzheimer-sjúkdóm er að ræða. Í nokkrum þessara rannsókna hefur verið vakin athygli á, að aukin hætta er á þessum taugasálræna sjúkdómi, ef neysla áfengis fer saman við mengun lífrænna leysiefna. Þó að meingerð sjúkdómsins sé ekki að fullu ljós og enn sé verið að gera rannsóknir til að skýra hana betur, er ekki einungis fjallað um þetta í fræðitímaritum, eins og talin hafa verið upp hér að framan, heldur er einnig sagt frá þessu í fræðibókum og kennslubókum fyrir lækna og læknanema. Heilamein vegna slíkrar eitrunar hefur verið skilið, skilgreint, tilkynnt til yfirvalda og bætt af almannatryggingum sem atvinnusjúkdómur annars staðar á Norðurlöndum um nokkurra ára skeið. Samkvæmt nýlegri danskri úttekt er talið, að heilamein vegna eitrunar sé algengasti tilkynnti atvinnusjúkdómurinn í prentiðnaði þar í landi. Metið á grunni fjölda tilkynninga er talið, að hætta á heilameini vegna eitrunar sé tvöfalt meiri í prentiðnaði í Danmörku, sé miðað við alla aðra atvinnustarfsemi, og þetta þykir mega rekja til notkunar lífrænna leysiefna í greininni.

Atvinnusaga Péturs Haukssonar bendir til langvarandi mengunar lífrænna leysiefna af ýmsum gerðum, og hefur sú langvinna mengun staðið í um tuttugu ár. Mengunin verður að teljast hafa staðið nógu lengi til þess að geta valdið sjúkdómi hans samkvæmt þeim rannsóknum, sem vitnað hefur verið til. Ekki hafa komið fram önnur atriði, sem skýrt gætu eða átt þátt í sjúkdómi hans.

Samantekt.

Pétur Hauksson er með heilamein vegna eitrunar. Greining undirritaðs styðst við greiningu Sverris Bergmann, sérfræðings í taugalækningum, og

athugun Eiríks Arnar Arnarsonar sálfræðings. Vegna sjúkdómsins er Pétur óvinnufær og hefur verið úrskurðuð örorka. Pétur hefur í vinnu sinni við prentverk orðið fyrir mengun lífrænna leysiefna í áratugi, sem telja verður, að hafi staðið nógu lengi og verið í svo miklu magni, að heilameinið hafi getað þróast af því. Vísbendingar um aðrar orsakir fyrir heilameininu hafa ekki komið fram. Heilamein af völdum mengunar lífrænna leysiefna er vel þekkt af læknisfræðilegum tímaritsgreinum og fagbókum og er á Norður-löndum talið algengur atvinnusjúkdómur.

Sjúkdómsgreining samkvæmt hinni alþjóðlegu sjúkdóms- og dánarmeina-skrá:

Toxic encephalitis 323.7 (heilamein vegna eitrunar)

Accidental poisoning by other solvents E862.4 (slysaeitrun af völdum annarra leysiefna)“.

VII.

Júlíus Valsson læknir mat örorku stefnanda. Í ályktun læknisins í lok matsgerðarinnar, sem er dagsett 24. ágúst 1994, segir:

„Um er að ræða 48 ára gamlan mann, er starfaði við prentvél árin 1973–1992, í tæp 20 ár. Við störf sín notaði hann ýmis lífræn leysiefni, og fyrir um það bil þremur árum fór að bera á almennri þreytu, einbeitingarerfiðleikum, minnisskorti og tjáningarerfiðleikum og eins og hann væri úti á þekju. Þessu fylgdi sífelldur höfuðverkur. Rannsóknir hafa ekki leitt í ljós vefræn-ar orsakir fyrir þessum einkennum, en að mati þeirra sérfróðu aðila, sem fjallað hafa um mál Péturs Haukssonar, er ljóst, að hann hefur orðið fyrir heilaskaða af völdum leysiefna á þeim tíma, er hann starfaði við prentverk. Pétur Hauksson hefur hlotið viðamikinn heilaskaða, og eru helstu einkenni hans fyrst og fremst tap á minni, einbeitingarerfiðleikar, hæg hugsun, mál-stol og persónuleikabreytingar. Að mati undirritaðs er allhæpið að ætla, að þessi einkenni hafi komið af völdum súrefnisskorts, er hann hlaut í skyndi-legu yfirliði hjá hjartalækni, er hann var þar í rannsókn. Ekki er heldur að sjá, að aðrir sjúkdómar eða slys hafi átt þátt í myndun þessara einkenna, nema hvað Pétur hefur fyrir sögu um ógleði og magaóþægindi og virðist hafa tilhneigingu til kvíða. Að mati geðlæknis (V.M.) er þunglyndi þó ekki afgerandi þáttur í sjúkdómseinkennum hins slasaða.

Að mati undirritaðs er hér um allmikla varanlega örorku að ræða og varanlegt ástand, þar sem mjög ólíklegt má telja, að hægt sé að endurhæfa Pétur til nokkurrar vinnu á almennum vinnumarkaði nema þá helst allra einföldustu starfa í vernduðu umhverfi. Undirritaður telur, að hér sé um að ræða varanlega örorku að 3/4 hlutum, það er 75%, og þessa örorku megi

alla rekja til starfa Péturs Haukssonar við lífræn leysiefni á tæplega 20 ára tímabili. Ef ekki kæmi til umrædd heilabilun, gæti hann vafalaust starfað á almennum vinnumarkaði þrátt fyrir aðra þá kvilla, sem hann er haldinn, svo sem hjartaöng og meltingarfæratruflanir.“

VIII.

Að beiðni stefnda kvaddi dómari 14. mars 1995 til sem matsmenn þá Jakob Kristinsson eiturefnafræðing og Sigurð Thorlacius lækni til að skoða og meta heilsufarslegt ástand stefnanda sem og aðstæður í prentsmiðju stefnda og til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi samkvæmt matsbeiðni:

1) Hvort starfsumhverfið, þ. m. t. notkun hreinsiefna, í prentsöllum Vörumerkingar hf. í þeim mæli og á þeim tímabilum, sem Pétur Hauksson starfaði þar, hafi almennt verið til þess fallið að valda heilameini eins og hjá Pétri Haukssyni.

2) Hvort sá tími í starfsumhverfi Vörumerkingar hf., sem Pétur Hauksson starfaði þar (tæp 10 ár að áliti Vörumerkingar hf.), sé nægilegur til að valda heilameini eins og Pétur Hauksson er haldinn.

3) Hvort efni það, sem almennt gengur undir heitinu „white spirit“, sé líklegt til að valda heilameinum á borð við það, sem sagt er þjá Pétur Hauksson, svo sem efnið var notað til hreinsunar hjá Vörumerkingu hf.

4) Hvaða ytri sem innri orsakir aðrar en lífræn leysiefni hafi hugsanlega getað valdið heilameini Péturs Haukssonar.

5) Hvaða orsök eða orsakir séu sennilegastar sem orsakavaldar að heilameini Péturs Haukssonar.

6) Annað það, sem matsmenn telja, að skipti máli.

Matsmenn skiluðu matsgerð sinni 11. október 1995. Niðurstaða þeirra er svohljóðandi:

„Undirritaðir byggja álit sitt á aðsendum gögnum, aðfengnum viðbótar-gögnum, viðtölum við PH og skoðun og viðtölum við forstöðumenn og starfsmenn Vörumerkingar hf.

Á grundvelli fjölmargra erlendra rannsókna má draga þá ályktun, að langvarandi áverkun lífrænna leysiefna geti leitt til varanlegs heilameins (sjá yfirlitsgreinar 1–3). Algeng einkenni þess konar heilameins eru minnis-tap, einkum skert skammtímaminni, einbeitingarörðugleikar, aukin þreyta, skert skynhreyfigeta (psychomotor function) og jafnvægisbrestir í skapgerð (irritability). Ekki er unnt að setja þessi einkenni sérstaklega í samband við eitt ákveðið leysiefni eða flokk leysiefna, heldur virðast þau sameiginleg flestum leysiefnum, sem notuð hafa verið undanfarna áratugi. Ekki fá held-

ur allir, sem vinna langtímum saman í menguðu umhverfi, þennan sjúkdóm, en rannsóknir benda þó til þess, að áhættan aukist með aukinni áverkun (exposure).

Pétur Hauksson hefur flest þau einkenni, sem talin eru hér að framan. Einkenni þessi eru þó engan veginn sérhæf fyrir heilamein af völdum lífrænna leysiefna og sanna því ekki ein sér, að um þess háttar sjúkdóm sé að ræða. Því verður að setja sjúkrasögu Péturs í samhengi við starfsumhverfi hans og sögu um áverkun af völdum lífrænna leysiefna og almenna heilsufarssögu hans.

Pétur hóf störf hjá Vörumerkingu hf. í júní 1973 og starfaði þar með nokkrum hléum til ársins 1992, er honum var sagt upp störfum. Frá janúar 1980 til apríl 1982 vann Pétur við sams konar störf í New York og aftur um 6–7 mánaða skeið árið 1986, í 7–8 mánuði árið 1987, í 3–4 mánuði árið 1988 og síðast í 1–2 mánuði árið 1989. Að öðru leyti var Pétur í vinnu hjá Vörumerkingu hf., og virðist ekki ágreiningur með málsaðilum um það atriði. Ljóst er því, að Pétur hefur unnið samfellt í tæplega 18 ár við límmiðaprentun á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Ekki virðist ágreiningur með málsaðilum um, að leysiefnið „white spirit“ var notað við hreinsun á vélum prentsmiðju Vörumerkingar hf. fram til ársins 1990. Er efni þetta og önnur efni náskyld því meðal algengustu leysiefna, sem notuð hafa verið í iðnaði. Ljóst er af lýsingu Péturs og einnig af lýsingu þeirri, sem fékkst hjá starfsmönnum Vörumerkingar hf., að mengun hafi getað orðið töluverð, meðan á hreinsun stóð. Hins vegar er ógerlegt að gera sér grein fyrir, hve samfelld þessi mengun kann að hafa verið. Verður það hvorki metið af gögnum málsins né viðtölum við málsaðila, enda er um það mikill ágreiningur. Ekkert liggur fyrir um, hvaða lífræn leysiefni kunna að hafa verið notuð af vinnuveitanda Péturs í New York.

Ekki var almennt farið að viðurkenna, að langvarandi notkun lífrænna leysiefna gæti leitt til varanlegs heilameins, fyrr en á síðasta áratug (sjá yfirlitsgreinar 1, 2 og 3). Er því eðlilegt, að menn hafi ekki verið eins meðvitaðir um mengunarvarnir fram að þeim tíma og síðar varð. Má sjá þess merki í auknum kröfum, sem opinberir aðilar hafa gert um mengunarvarnir á vinnustöðum. Er því ljóst, að skoðun á aðstæðum í húsnæði Vörumerkingar hf. í ágúst sl. gefur tæplega rétta mynd af ástandinu, eins og það var fyrir 10–20 árum. A. m. k. fjórum sinnum á tímabilinu 1982–1991 gerði vinnueftirlitið athugasemdir við mengunarvarnir í fyrirtækinu (samanber fyrirbyggjandi gögn frá vinnueftirlitinu). Eftirlitsskýrslur frá vinnueftirlitinu eru þó allt of fáar, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir ástandi mengunarvarna í fyrirtækinu allan tímann, meðan Pétur vann þar.

Af framangreindu draga undirritaðir þá ályktun, að heilamein Péturs geti stafað af mengun lífrænna leysiefna, er hann kann að hafa orðið fyrir, á meðan hann vann hjá Vörumerkingu hf. og ónafngreindu fyrirtæki í New York. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar, sem benda til, að heilamein hans eigi aðrar orsakir.

Undirritaðir álíta:

1. Málsaðila greinir mjög á um ástand mengunarvarna í fyrirtækinu Vörumerkingu hf. á umræddu tímabili. Einu haldbæru gögnin í málinu eru fyrirbyggjandi skýrslur Vinnueftirlits ríkisins. Þar kemur fram, að Vinnueftirlit ríkisins gerði a. m. k. fjórum sinnum athugasemdir við mengunarvarnir á umræddu tímabili. Af þeim má einnig draga þá ályktun, að ástandið hafi farið batnandi og sé nú í allgóðu lagi. Er það í samræmi við niðurstöðu heimsóknar JK í fyrirtækið 16. ágúst sl.

Undanfarin ár hefur aukist mjög þekking manna á skaðsemi lífrænna leysiefna. Í samræmi við það hafa kröfur um mengunarvarnir á vinnustöðum verið hertar. Er því sennilegt, að eigendur og starfsmenn Vörumerkingar hf. hafi ekki verið eins meðvitaðir um mengunarvarnir í upphafi tímabilsins og síðar varð. Af þeim sökum er líklegt, að mengun kunni að hafa verið töluverð í fyrirtækinu fyrstu 10–15 árin, sem Pétur vann þar, og nægilega mikil til þess að geta valdið heilameini.

2. Ljóst er, að Pétur vann nær eingöngu við límmiðaprentun á tímabilinu 1973 til 1992. Er sá tími nægilega langur, til þess að framangreint heilamein komi fram. Ekki er unnt að skera úr um, hvort hann sé eingöngu til kominn vegna vinnu hjá Vörumerkingu hf. eða hvort vinna í prentsmiðju í New York kunni einnig að hafa átt þar einhvern hlut að máli.

3. Leysiefnið „white spirit“ er eitt þeirra leysiefna, sem talið er geta valdið heilameini.

4 og 5. Undirritaðir hafa skoðað aðrar hugsanlegar orsakir einkenna PH og geta ekki bent á aðrar skýringar en áverkun lífrænna leysiefna.“

Matsmenn staðfestu matsgerðina fyrir dóminum.

Auk framangreindra matsmanna gáfu eftirtaldir munnlega skýrslu fyrir dóminum: Júlíus Valsson læknir, Karl Magnús Karlsson, framkvæmdastjóri Vörumerkingar hf., Orri Kristinn Jóhannsson prentari, Þórir Sigurðsson prentari, Svavar Ellertsson prentari, Sverrir Bergmann læknir og Vilhjálmur Rafnsson læknir.

IX.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur, að rekja megi orsakir örorku sinnar til atriða og atvika, er stefndi beri ábyrgð á samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Vinnuumhverfi það, sem stefndi bjó stefnanda, hafi verið algerlega ófor-svaranlegt og hljóti þar af leiðandi að hafa úrslitaáhrif um lögfræðilegt sönnunarmat í máli þessu. Ráðstafanir til að verja stefnanda mengun hafi verið alls kostar ófullnægjandi og langt undir því, sem ætlast var til af stefnda og honum var skylt að lögum. Málavextir og skjallæg sönnunargögn sýni og sanni, að aðbúnaður á vinnustað stefnda hafi verið stórkostlega heilsuspillandi fyrir heilsu stefnanda og til vansa, enda hafi Vinnueftirlit ríkisins þráfaldlega krafist úrbóta, án þess að því væri sinnt. Á þessum trassaskap beri stefndi lagalega ábyrgð samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt þeim lögum eru skyldur atvinnurekanda miklar og tvímælalausar, bæði hvað varðar vinnu, vinnustað, vélar og tæki, meðferð hættulegra efna og fleira. Öll þessi ákvæði hafi verið brotin. Vinnueftirlit ríkisins sé eftirlitsaðili að lögum, sbr. einkanlega XII. kafla laganna, en fyrirmæli þess hafi verið hundsúð gjör-samlega. Stefnanda sjálfum verði ekki kennt um ástand sitt. Honum hafi ekki verið kunnar athugasemdir Vinnueftirlits ríkisins fyrr en löngu síðar. Honum hafi ekki heldur verið kunnugt um þá skelfilegu hættu, sem af þess-um efnum gat stafað. Hann hafi hins vegar kvartað undan lélegri loftræst-ingu, án þess að stefndi hafi tekið á því mark að einu eða neinu leyti. Það hafi verið vegna kvörtunar um loftræstingu, sem stefnandi var endanlega rekinn úr vinnu, þannig, að stefndi lét aldrei svo lítið að huga nokkurn tím-ann að heilsufari stefnanda eða þeim hættum, sem honum voru búnar á vinnustaðnum. Einu mótbáru stefnda sé að finna í bréfi frá 12. 8. 1992 á dskj. nr. 11, en þar verji stefndi sig með því, að fram til febrúar 1990 hafi verið notað „white spirit“, eins og tíðkaðist í öllum öðrum prentsmiðjum. Stefnandi telur samkvæmt framansögðu, að lagaskilyrði séu til þess að gera stefnda fébótaábyrgan vegna örorku sinnar og ekki sé heldur nokkur spurning um það, hvort örorka stefnanda verði rakin til umræddra efna og loftræstingar. Örorkumat á dskj. nr. 3, greinargerð Vilhjálms Rafnssonar dr. med., sérfræðings í atvinnulækningum, á dskj nr. 5, vottorð á dskj. nr. 6, 7 og 8 sanni öll, svo að óyggjandi megi telja, að örorka stefnanda sé af völd-um lífrænna leysiefna. Stefnandi hafi orðið fyrir heilaskaða af völdum þeirra í langvarandi þjónustu hjá stefnda og lögfull sönnun fengin fyrir því, að umrædd mengun hafi valdið sjúkdómi stefnanda.

Krafa stefnanda hvíli á læknisfræðilegu örorkumati, dags. 24. 8. 1994, en í raun á ástandi stefnanda, eins og það er orðið, þegar hann hættir störfum hjá stefnda í ársbyrjun 1992. Tjón stefnanda er því orðið, áður en ný skaða-bótalög tóku gildi, og fer því kröfugerð og grundvöllur hennar eftir hefð-bundnum aðferðum fyrir gildistöku nýrra skaðabótalaga. Hins vegar var

valinn sá kostur, ekki síst með tilliti til þess, að máli þessu kunni að verða áfrýjað til Hæstaréttar, að taka ekki tillit til skatta og eingreiðsluhagræðis í stefnufjárhæð. Krafa um miskabætur er reist á 264. gr. alm. hgl. Að öðru leyti vísar stefnandi til dómvenju um útreikning skaðabótakröfu vegna líkamstjóns. Um málskostnað er vísað til 129. gr. eml.

Kröfugerð og sundurliðun hennar.

Stefnukrafa í máli þessu er byggð á útreikningi tryggingastærðfræðings á dskj. nr. 4. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi er 18.815.600 kr. Frá þeirri kröfu þykir rétt að draga andvirði örorkulífeyris, sem stefnandi nýtur hjá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt útreikningi sama tryggingastærðfræðings, 1.925.200 kr., sbr. dskj. nr. 13.

Þá gerir stefnandi kröfu um miskabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr.

X.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að ekki sé sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir mengun í vinnu sinni hjá stefnda, er valdið hafi heilameini hans og örorku. Hvíli sönnunarbyrðin um það öll á stefnanda.

Í fyrsta lagi er ósannað, að mengun lífrænna leysiefna yfirleitt sé orsök að sjúkdómi stefnda og örorku. Eru sjúkdómseinkenni stefnda og vitræn hrörnun ekki einkennandi fyrir heilaskaða af völdum leysiefnamengunar, eins og Sverrir Bergmann, heila- og taugasjúkdómafræðingur, hefur vottað á dskj. 6–7, heldur geta bæði aðrar utanaðkomandi ástæður svo og eigin líkamlegar og andlegar orsakir legið að baki, svo sem hjartaáföll og geðtruflanir. Er t. d. vitað, að stefnandi hefur fengið hjartastopp. Þá eru þekkt tengsl milli áfengisneyslu og taugasálrænna sjúkdóma hjá mönnum, sem umgangast leysiefni. Bendir Sverrir Bergmann á, sbr. dskj. nr. 7, að raunar sé ógerningur að gera tæmandi rannsóknir á hugsanlegum orsökum þeirrar dementiu, sem stefndi er haldinn. Er hér því ekkert sannað í þessu efni. Einnig kann það að hafa sitt að segja um heilsufar stefnda, að hann notaði aldrei eyrnahlífar þrátt fyrir ábendingar, þó að hávaði í prentsal sé eðli máls samkvæmt verulegur.

Í annan stað er það ósannað, sem stefnandi heldur fram, að hann hafi daglega orðið fyrir mikilli leysiefnamengun í prentsmiðju stefnda í 20 ár „með stuttum hléum“, og eru forsendur um magn ætlaðrar mengunar og þann tíma, sem stefnandi á að hafa verið í hættu af leysiefnamengun hjá stefnda í vottorði og greinargerð Vilhjálms Rafnssonar læknis á dskj. nr. 5 og 8, einfaldlega rangar. Í því efni skal bent á eftirfarandi:

Í vottorði Vilhjálms Rafnssonar læknis og greinargerð hans á dskj. 5 og 8 er miðað við, að stefnandi hafi um árábil unnið mjög langan vinnudag hjá

stefnda, um 50 yfirvinnutíma á viku, og orðið nánast daglega fyrir mikilli mengun lífrænna leysiefna í um 18–20 ár. Hafi oft verið skipt um verk í prentsmiðju stefnda með tilheyrandi hreinsun vélarinnar með lífrænum leysiefnum, á „kannski 1–2 klukkustunda fresti“. Margvísleg hreinsiefni hafi verið notuð önnur en „white spirit“, efni, sem „jafnvel leystu upp gúmmíhlífðarhanska“. Þá er gert ráð fyrir því, að sérstök og almenn loft-ræsting í verksmiðju stefnda hafi verið léleg.

Allar þessar forsendur eru rangar. Prentvélin, er stefnandi starfaði við, var ekki hreinsuð oft á 1–2 klukkustunda fresti, heldur liðu oft dagar milli hreinsunar, en stundum gat þurft að skipta um verk og hreinsa vélina einu sinni til tvisvar á dag. Tók hreinsun um klukkustund. Voru þvottatúskur settar í lokuð járnlát og hreinsaðar reglulega ásamt bökkum undir vélum, en það var aldrei gert með því að slá þeim út fyrir dyr, eins og stefnandi heldur fram. Stefnandi vann aldrei um 50 yfirvinnutíma á viku hjá stefnda eða neitt í líkingu við það. Var meðaleftirvinnutími stefnanda aðeins tæpar 6 klst. á viku, sbr. dskj. 28. Munar hér mörg hundruð % á staðhæfingum stefnanda og raunveruleikanum. Stefnandi varð ekki fyrir mengun lífrænna leysiefna í nein 18–20 ár í prentsmiðju stefnda. Fyrstu 2,5 árin (1973–1975) vann stefnandi við fóluprentun í sérstökum aðskildum sal frá annarri prentun, en fóluprentun er þurrprentun án leysiefna. Þá nemur samanlagður sá tími, er stefnandi var fjarverandi vegna starfa sinna við prentverk í New York, samtals rúmum fjórum árum, sbr. dskj. 28, og loks voru ekki notuð lífræn leysiefni til hreinsunar síðustu tvö ár stefnanda hjá stefnda. Þegar framangreind 8,5 ár eru dregin frá því átján og hálfis árs tímabili, frá því að stefnandi réðst til stefnda í apríl 1973 og þar til hann hætti í janúar 1991, standa aðeins eftir tæp tíu ár, sem stefnandi gat komið nálægt lífrænum leysiefnum hjá stefnda. Munar hér 100% á staðhæfingum stefnda og raunveruleikanum. Er þá eftir að draga frá alla þá mánuði og daga, sem stefnandi var frá vinnu vegna veikinda og óreglu. Enn er alrangt, að notuð hafi verið margs konar sterk hreinsiefni, sem jafnvel leystu upp gúmmíhlífðarhanska. Slík efni voru aldrei notuð í prentsmiðju stefnda.

Loks er röng sú forsenda, að sérstök og almenn loftræsting í prentsölum stefnda hafi verið léleg og ófullnægjandi og athugasemdum vinnueftirlitsins í engu sinnt. Þvert á móti var loftræsting í öllum tilvikum vel viðunandi, enda hefði vinnueftirlitið lögum samkvæmt stöðvað starfsemi stefnda, ef hætta hefði verið á heilsutjóni vegna loftmengunar, en það var aldrei gert þrátt fyrir reglulegt eftirlit. Voru engar athugasemdir heldur gerðar út af loftræstingu í prentsmiðjunni, meðan hún var til húsa að Melgerði 29, Kópavogi, og öll þau ár, sem prentsmiðjan var til húsa að Dalshrauni 14–16,

Hafnarfirði, utan einu sinni, 25. 3. 1983. Var þá um minni háttar ábendingar að ræða, sem stefndi fór síðan eftir. Einnig var nóg loftræsting í sjálfu sér í hinum nýja prentsal að Bæjarhrauni 20, Hafnarfirði, en dráttur á uppsetningu sérstaks loftræstikerfis, sem gert var ráð fyrir í upphafi, leiddi til athugasemda vinnueftirlitsins, sem síðan féllst á, að opnun þakglugga í prentsalnum væri nægileg í þessu efni, og stendur svo enn. Loks hafa vottorð og greinargerð Vilhálms Rafnssonar læknis á dskj. nr. 5 og 8 harla lítið sönnunargildi þegar af þeirri ástæðu, að höfundurinn hefur aldrei skoðað aðstæður í prentsölum stefnda. Ályktun Júlíusar Valssonar læknis um orsakir örorku stefnanda í örorkumati á dskj. 3 hefur ekkert sjálfstætt gildi, því að hún byggist aðallega á dskj. nr. 5 og 8.

Má ljóst vera að framangreindu virtu, að forsendur og staðhæfingar stefnanda um, að loftmengun í prentsölum stefnda hafi valdið örorku hans, eru rangar og fá ekki staðist.

Er nauðsynlegt, að dómkvaddir verði sérfróðir og óvilhallir matsmenn til að skoða og meta heilsufar og heilsufarssögu stefnanda frá öndverðu og segja til um allar orsakir, sem hafa getað valdið heilameini hans.

Sýknukrafa stefnda er enn studd því, að hann beri ekki bótaábyrgð á heilaskaða og örorku stefnanda skv. almennum reglum skaðabótaréttarins, eins og stefnandi heldur fram, jafnvel þó að skaðinn teldist stafa af mengun lífrænna leysiefna í prentsmiðju stefnda. Var lofthreinsibúnaður í prentsmiðjunni og hreinsiefni til þvotta og notkun þeirra ekkert frábrugðin því, sem almennt tíðkaðist í prentiðnaði, fullnægði kröfum laga og vinnueftirlits í öllum atriðum, og það, sem betur mátti fara, var svo léttvægt og stóð svo stutt, að hvorki stefndi né vinnueftirlit mátti ætla, að skipt gæti sköpum um heilsu stefnanda eða annarra starfsmanna. Kenndu aðrir starfsmenn, er starfað höfðu jafnlengi og lengur í prentsmiðjunni en stefnandi, sér ekki heldur meins. Þá kannast stefndi ekki við, að stefnandi hafi sífellt kvartað um lélega loftræstingu á vinnustað. Það gerðu aðrir starfsmenn ekki heldur. Verður gáleysi stefnda því ekki kennt um heilsuleysi stefnanda, hvað þá ásetningi. Eru því ekki skilyrði til bótaábyrgðar skv. sakarreglu eða almennum skaðabótareglum. Lagastoð skortir hins vegar, hvort heldur er í settum lögum eða dómvenju, til að byggja á öðrum skaðabótareglum, enda ekki til þeirra vísað af hálfu stefnanda. Er því enginn grundvöllur til að fella bótaábyrgð á stefnda, og ber að sýkna hann.

Stefnukröfum er sérstaklega mótmælt sem allt of háum. Er örorkumat vefengt og líkindareikningur þá sömuleiðis. Þá ber við ákvörðun örorkutjóns að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, en staðgreiðsluhlutfall er nú 41,94% skv. gildandi skattkerfi. Kæmu bæturnar

til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar að öðru óbreyttu. Síðan ber að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bóta skv. dómvænju og draga svo frá örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, 1.925.200 kr., sbr. dskj. 13. Einnig ber að líta til greiðslna úr lífeyrissjóði og virða almennt til lækkunar, að miski er innifalinn í örorkumati lækna, sbr. grein Páls Sigurðssonar læknis í Tímariti lögfræðinga, 2. h. 1972.

Kröfu stefnanda um miskabætur, 2.000.000 kr., er mótmælt sem allt of hárrí, þegar jafnframt er krafist örorkubóta og þess gætt, að miski er innifalinn í örorkumatinu, sbr. áðurnefnda grein Páls Sigurðssonar læknis, enda verulega umfram dómvænju. Nema hæstu miskabætur, sem dæmdar hafa verið vegna líkamstjóns, 2.000.000 kr., og var þá um að ræða slys, er olli 100% varanlegri örorku ungrar stúlku.

Vaxtakröfum er sérstaklega andmælt, en bótakrafan ber skv. dómvænju sömu vexti og notaðir eru í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms, sbr. t. d. H. 1989, 653 (658), H. 1990, 128, og dóm Hæstaréttar 1992, 17. des., í málinu nr. 280/1990 og 20. des. í málinu nr. 18/1989.

Rétt er að geta þess, að ábyrgðartrygging atvinnurekstrar bætir ekki atvinnusjúkdóma, og nýtur stefndi því ekki váttryggingarverndar.

Niðurstaða dómsins.

Í máli þessu sætir ekki ágreiningi, að stefnandi sé með heilaskemmdir, sé öryrki af þeim sökum og að sjúkdómur stefnanda sé heilabilun. Þetta er í samræmi við álit lækna og dómkvaddra matsmanna, sem um sjúkdóm stefnanda hafa fjallað, og er þetta samdóma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna.

Þá þykir mega fullyrða, að áverkun lífrænna leysiefna geti valdið sjúkdómi eins og þeim, sem stefnandi er haldinn. Er það í samræmi við álit flestra fræðimanna á sviði atvinnusjúkdóma og taugasjúkdóma á Norðurlöndum, þ. á m. á Íslandi. Þá er það almennt álit fræðimanna, að mikil leysiefnamengun á vinnustað geti valdið slíkum sjúkdómi hjá þeim starfsmönnum, sem verða fyrir slíku mengunarálagi, hafi hún staðið yfir nógu lengi. Á hinn bóginn er almennt talið, að einstaklingar séu mjög misnæmir fyrir áverkun leysiefna.

Þá er ágreiningslaust, að aðrar orsakir geti valdið sjúkdómi eins og þeim, sem stefnandi er með, þar á meðal óhófleg og langvarandi áfengisneysla. Frá læknisfræðilegu sjónarmiði eru einkenni þau, sem stefnandi hefur, ekki sértæk fyrir leysiefnaskaða.

Sérfræðingum, sem að máli þessu hafa komið, ber saman um, að leysi-

efnaálag og áfengisneysla geti í sameiningu valdið slíkum sjúkdómi, sem stefnandi er með, ef hvort tveggja verði á sama tímabili. Í máli þessu hafa áður verið raktar ýmsar orsakir fyrir einkennum eins og þeim, er stefnandi er með, en útilokaðar hafa verið með prófum og rannsóknum, sbr. umsagnir sérfræðinga og matsmanna, sem raktar eru að framan. Í málinu hefur því ekki verið sýnt fram á, að öðrum orsökum en leysiefnamengun sé til að dreifa í sjúkdómi stefnanda, þótt ekki verði með fullu öryggi hafnað öðrum orsökum. Upplýst er í málinu, að stefnandi notaði áfengi, en á hinn bóginn þykir ósannað, að hann hafi misnotað áfengi eða verið drykkjusjúkur. Verður því hvorki fullyrt, að sjúkdómur stefnanda stafi eingöngu af neyslu áfengis né að áfengisneysla hans sé meðvaldur að sjúkdómi hans.

Eins og áður getur, hefur ekki verið sýnt fram á aðrar sennilegar orsakir sjúkdóms stefnanda en hugsanlegt mengunarálag af völdum lífrænna leysiefna, sem hann hafi orðið fyrir í störfum sínum í prentiðnaði, einkum hjá stefnda.

Við greiningu atvinnusjúkdóms vegna mengunar verður að leggja til grundvallar, að mengunarálag hafi verið nægilega mikið og í nægilega langan tíma til að geta valdið sjúkdómi eins og stefnandi er með. Við það mat þarf því að athuga, hve lengi stefnandi vann í prentiðnaði, þ. á m. hjá stefnda, hve langur vinnutími hans var hverju sinni, hvaða lífræn leysiefni voru notuð við störfin og í hve miklum mæli þau voru notuð. Þá ber að huga að stærð atvinnuhúsnæðis og hvernig loftræstingu var háttað, bæði almennt og á tilteknum stöðum, þar sem ætla má, að mestrar mengunar gætti eðli máls samkvæmt.

Við mat á sök fyrirvarsmanna stefnda eða starfsmanna, sem hann ber ábyrgð á, ber á hinn bóginn að leggja á það mat, hvenær stefnda mátti fyrst vera ljóst, að notkun lífrænna leysiefna gæti valdið varanlegu heilsutjóni á starfsmönnum, hvort vinnuaðstæður í starfsstöðvum stefnda hafi verið frábrugðnar því, sem almennt tíðkaðist á slíkum vinnustöðum á hverjum tíma, m. a. með tilliti til loftræstingar og annars búnaðar í þágu öryggis starfsmanna, hvort mengun kunni að hafa verið fyrir ofan eða neðan opinber mengunarmörk á hverjum tíma og hvaða ályktanir megí draga af eftirlitsskýrslum Vinnueftirlits ríkisins í þeim efnum.

Í máli þessu liggur fyrir, að mengunarmælingar hafa ekki farið fram í starfsstöðvum stefnda. Ekki liggur fyrir hlutlægt mat dómkvaddra matsmanna á mengun leysiefna. Hvorki liggur fyrir hlutlægt né óhlutlægt mat á mengun leysiefna samkvæmt skoðun vinnueftirlitsmanna. Fram kemur hjá Vilhjálmi Rafnssyni lækni svo og hjá matsmönnum, sem allir telja líklegt, að mengun hjá stefnda hafi valdið sjúkdómi stefnanda, að ekki hafi verið

tiltæk gögn eða mælingar á vinnustöðunum sjálfum til að styðjast við um mat á mengun, og ekki hafi heldur legið fyrir gögn um magn notaðra leysiefna.

Í málinu hafa ekki verið lagðar fram söluskýrslur eða aðrar skýrslur um magn leysiefna, sem notuð voru í fyrirtækinu. Með hliðsjón af því, sem upplýst hefur verið í málinu um magn leysiefna við hreinsun prentvéla, og með hliðsjón af stærð vinnurýmis gæfi það líklega mengun undir mengunarmörkum samkvæmt lista Vinnueftirlits ríkisins, 600 mg í rúmmetra.

Fram hefur komið í málinu, að skipt var um verkefni í prentvél þeirri, sem stefnandi vann við, rúmlega einu sinni á dag að jafnaði, stundum tvisvar, og að þá þurfti að þrifa valsa með „white spirit“. Tók það verk að jafnaði um eina klukkustund, og má ætla, að notkun „white spirit“ hafi getað numið um 40-50 lítrum á vél á ári.

Fram kom í framburði Vilhjálms Rafnssonar læknis, að talið væri, að menn gætu orðið fyrir leysiefnaskaða og sjúkdómi eins og stefnandi er með, þótt mengun lífrænna leysiefna væri undir þeim mengunarmörkum, sem hér gilda samkvæmt lista Vinnueftirlits ríkisins. Mörkin fyrir „white spirit“ eru 600 mg í rúmmetra. Hann kvað mengunarmörk á Norðurlöndum hafa verið til endurskoðunar og verið að lækka síðustu ár til að verja menn fyrir hugsanlegum skaða. Vilhjálmur lét þess getið, að mælingar í öðrum prentsmiðjum hér á landi hefðu sýnt toppa yfir mengunarmörkum vinnueftirlitsins, en flestar mælingar þó verið undir mengunarmörkum.

Dómurinn telur, að hvorki verði dregin sú ályktun af eftirlitsskýrslum Vinnueftirlits ríkisins, að um heilsuspillandi mengun hafi verið að ræða hjá stefnda, né að ekki hafi verið um mengun að ræða. Athugasemdir vinnueftirlitsins snúast langmest um það, að almennum loftræstibúnaði hafi verið áfátt miðað við almennar kröfur stofnunarinnar til slíks búnaðar í prentsmiðjunni á þeim degi, er fyrirtækið var skoðað. Af framburði prentara, sem unnu hjá stefnda, verður ekki dregin sú ályktun, að mengun hafi verið mikil, notkun leysiefna mikil eða loftræstingu hafi verið verulega áfátt.

Sennilegt má telja, að mengunar hjá stefnda hafi gætt meira fyrstu árin, bæði vegna þrengri húsakynna og annarra viðhorfa til mengunar en síðar urðu og minni þekkingar á skaðsemi mengunar en síðar varð.

Aðila greinir á um það, hve lengi stefnandi vann við prentun, þar sem lífræn leysiefni voru notuð, meðan hann starfaði hjá stefnda. Eftir því sem fram hefur komið í málinu, telur dómurinn þann tíma ekki hafa verið undir tólf árum. Ekki liggur óyggjandi fyrir, hvort lífræn leysiefni voru notuð í prentsmiðju þeirri, sem stefnandi starfaði hjá í New York.

Fram kemur, að Vilhjálmur Rafnsson læknir telur, að fimm ár í starfi séu

nægilega langur tími til að fá sjúkdóm eins og stefnandi er með, ef mengun er næg, en hins vegar sé meðalálagstímabil við vinnu í prentsmiðjum hjá þeim, sem hlotið hafa þessa sjúkdómsgreiningu í nágrannalöndunum, tuttu á.

Dómurinn telur því þann tíma, sem stefnandi vann hjá stefnda, meðan „white spirit“ var notað til vélahreinsunar, nægilega langan í sjálfu sér til, að hann gæti hlotið sjúkdóm sinn, og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á aðrar orsakir sjúkdóms stefnanda en mengunarálag, sem hann hafi orðið fyrir við störf sín í prentiðnaði, verður að ætla, að sjúkdóm hans megi rekja til þeirra starfa.

Vitneskja um hættu, sem stafað gæti af lífrænum leysiefnum, þar með um möguleika á heilaskemmdum af þeirra völdum, kom fyrst fram um miðjan áttunda áratuginn, en varð ekki almenn fyrr en í fyrsta lagi hálfum áratug síðar, eftir 1980. Síðan hefur ágreiningur um það, hvort lífræn leysiefni geti valdið heilaskemmdum, farið minnkandi. Fyrir 1980 mátti stefnda því ekki vera ljós hættan af notkun slíkra efna í iðnaði sínum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að fyrir þann tíma hafi aðstæður á vinnustað stefnda verið lakari en í öðrum prentsmiðjum, sem við svipuð verkefni fengust. Þá hefur ekki verið sýnt fram á annað en að eftir 1980 hafi aðstæður á vinnustöðum stefnda og ráðstafanir, sem þar voru gerðar, verið í samræmi við eðlileg vinnubrögð og almenna háttsemi á sambærilegum vinnustöðum og í samræmi við almennar kröfur, sem til slíkrar starfsemi eru gerðar. Enda þótt stefndi hafi verið seinn til að fullnægja skilyrðum Vinnueftirlits ríkisins um frágang loftræstibúnaðar, sanna eftirlitsskýrslur hvorki, að um hættulega mengun hafi verið að ræða né að slík mengun hafi verið á milli eftirlitsferða.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, er ekki talið sannað, að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni hans á heilsu með saknæmum og ólög-mætum hætti. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu. Útlagður kostnaður stefnanda er 84.900 krónur, og greiðist hann úr ríkissjóði ásamt málflutningsþóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

Mál þetta var áður munnlega flutt 21. ágúst sl., en vegna anna dómenda og aðstæðna reyndist eigi unnt að leggja dóm á það innan tilskilins tíma, og var málið því flutt að nýju 6. þessa mánaðar og dómtekið.

Dóminn kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir dr. Finnbogi Jakobsson og Helgi Guðbergsson lækna.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vörumerking hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Péturs Haukssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 484.900 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.
